

Opnað verður fyrir valið föstudaginn 3. mars og þá getið þið valið áfanga sem þið stefnið á að taka næsta haust. Af því tilefni verða kennarar með kynningar á áfangaframboðinu á Miklagarði milli kl. 9:00 og 12:00 sama dag. Þar getið þið hitt kennara, skoðað námsefni og spurt spurninga um námsefni áfanga sem ykkur langar að taka. Þar er gott tækifæri að skoða áfangahlaðborð okkar í MH og opna huga ykkar fyrir fjölbreyttu vali. Á [heimasíðunni](#) er listi yfir áfanga sem eru í boði og einnig [myndræn kynning](#) á þeim valáföngum sem eru í boði haustið 2023. Endilega skoðið þetta og fáið svo meiri upplýsingar á valkynningunni á Miklagarði 3. mars.

Eftir valkynninguna eða kl. 12:30 eru allir nemendur sem eru á fyrsta og öðru ári boðaðir í tíma til umsjónarkennara síns skv. [stofulista](#) sem sýnilegur er á heimasíðunni. Þar er hægt að fá enn meiri upplýsingar og taka þátt í umræðum um áfangaval haustsins.

Valið stendur yfir til og með mánudeginum 13.mars og hvetjum við ykkur öll til að nýta tækifærið og kynna ykkur það sem er í boði.

Valið fer fram í Innu og ef þið þurfið nánari leiðbeiningar um hvernig þið berið ykkur að þá eru þær undir aðstoð í Innu.

Kv Helga og Pálmi

---

Course selection for autumn 2023 will open on Friday, March 3rd. On the same day teachers will give presentations on the course offerings at Mikligarður between 9:00 and 12:00. There you can talk to teachers, view course materials and ask questions about the courses you want to take. The website contains [the list](#) of courses that are available and also a visual presentation of the elective courses that are available in the fall of 2023. Please take a look at this and then get more information at the elective presentation at Mikligarður on March 3rd.

After the selection presentation, at 12:30, all students who are in their first and second year are invited to [meet their supervisor](#). There you can get even more information and participate in discussions about choosing courses for the fall.

The selection will close on Monday, March 13th and it takes place in Inna.

Regards Helga and Pálmi